REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 467/1991 um húsbréfadeild og húsbréfaviðskipti.

1. gr.

2. málsl. 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Félagsmálaráðherra ákveður að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, lántökugjald allt að 1% til að standa straum af rekstrarkostnaði húsbréfadeildar auk vaxtaálags, allt að 0,25% sem renni í varasjóð til að mæta áætluðum útlánatöpum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993, með vísun til 21. gr., öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 28. desember 1993.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Ingi Valur Jóhannsson.

Nr. 541 27. desember 1993

REGLUGERÐ

um filmur úr sellulósa sem er ætlað að snerta matvæli.

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fullunnar filmur úr sellulósa, sem einnig geta verið efnisþáttur í samsettum vörum, og er ætlað að snerta matvæli eða geta gert það vegna notkunar þeirra. Hún tekur hins vegar hvorki til gervigarna úr sellulósa né húðaðra filma úr sellulósa ef húðin er yfir 50 mg/dm^2.

2. gr.

Filma úr sellulósa er þunnt lag efnis unnið úr hreinsuðum sellulósa, sem er fenginn úr viði eða baðmull. Hráefni þessi skulu ekki vera endurunnin. Til að uppfylla tæknilegar kröfur er leyfilegt að bæta viðeigandi efnum í sellulósann eða á yfirborð hans. Einnig er leyfilegt að húða yfirborð filmunnar.

II. KAFLI
Almenn ákvæði.

3. gr.

Við framleiðslu á filmum úr sellulósa má aðeins nota þau efni og þá efnisflokka sem eru á listunum yfir leyfileg efni í viðauka. Þessi efni skulu aðeins notuð í samræmi við þau skilyrði sem þar eru sett.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er leyfilegt að nota önnur efni en þau sem eru á listanum, séu þau notuð sem litar- eða bindiefni, að því tilskildu að ekki sé hægt að greina að efni þessi flæði í matvæli.

Áprentað yfirborð filmu úr sellulósa má ekki koma í snertingu við matvæli.

4. gr.

Á öðrum stigum dreifingar en í smásölu skal skriflegt vottorð fylgja filmum úr sellulósa um að þær uppfylli þær kröfur sem til þeirra eru gerðar.

Undanskilin þessu ákvæði eru efni og hlutir úr sellulósa sem augljóslega eru ætluð undir matvæli.

Efni og hluti úr sellulósa, sem ætlaðir eru til sérstakra nota, skal merkja í samræmi við það.

III. KAFLI

Eftirlit og gildistaka.

5. gr.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hver á sínum stað, eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka XII. kafla, 31. tölul, tilskipun 83/229/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi efni og hluti sem gerðir eru úr filmum af sellulósa og er ætlað að komast í snertingu við matvæli, með breytingu sbr. tilskipun 86/388/EBE, og 48. tölul., tilskipun 89/109/EBE um samræmingu aðildarríkjanna varðandi efni og hluti sem er ætlað að komast í snertingu við matvæli. Einnig með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans, og tilskipun 93/10/EBE sem kemur í stað 83/229/EBE með breytingum. Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 1994.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eftir 1. janúar 1995 er ekki heimilt að markaðsetja eða nota efni og hluti úr filmum af sellulósa, sem við gildistöku reglugerðarinnar uppfylla ákvæði tilskipunar 83/229/EBE, en ekki ákvæði tilskipunar 93/10/EBE.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. desember 1993.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Páll Sigurðsson.

Viðauki
Leyfileg efni við framleiðslu á filmu úr sellulósa[3]

Listi A
Óhúðuð filma

Heiti	Skilyrði
A. Sellulósi	≥ 72%[1]
B. Aukefni	
1. *Mýkingarefni*	≤ 27% alls
- bis (2-hýdroxýetýl) eter [= dýetýlenglýkól][2] = etandíól [mónóetýlenglýkól]	Aðeins fyrir filmur sem á að húða með gljáhúð og nota til að pakka inn matvælum, sem innihalda ekki óbundið vatn á yfirborðinu Heildarmagn bis (2-hýdroxýetýl) eters og etandíóls í matvælum sem eru í snertingu við filmur af þessu tagi má ekki fara yfir 50 mg/kg
- 1,3-bútandíól	
- glýseról	
- 1,2-própandíól [=1,2-própýlendíól]	
- pólýetýlenoxíð [=pólýteýlenglýkól]	Meðalsameindaþungi milli 250 og 1200
- 1,2-pólýpróþýlenoxíð [=1,2-pólýprópýlenglýkól]	Meðalsameindaþungi ≤ 400 og innihald af óbundnu 1,3-própandíóli ≤ 1% (w/w)
- sorbitól	
- tetraetýlenglýkól	
- tríetýlenglýkól	
- þvagefni	
2. *Önnur aukefni*	≤ 1% alls
Fyrsti flokkur	Magn efna eða flokks efna má ekki fara yfir 2 mg/dm^2
- ediksýra og NH_4, Ca, Mg, K og Na-sölt hennar	
- askorbínsýra og NH_4, Ca, Mg, K og Na-sölt hennar	
- bensósýra og natríum bensóat	
- maurasýra og NH_4, Ca, Mg, K og Na-sölt hennar	
- ógreinóttar fitusýrur, mettaðar eða ómettaðar, með jafnri tölu kolefnisatóma frá 8 til 20 að báðum meðtöldum svo og behen- og rísínolíusýrur auk NH_4, Ca, Mg, K, Na, Al og Zn-salta þessara sýra	
- amíð ógreinóttra fitusýra, mettaðra eða ómettaðra, með jafnri tölu kolefnisatóma frá 8 til 20 að báðum meðtöldum svo og amíð behen- og rísínolíusýra	
- sítrónu-, d- og l-mjólkur-, malín-, og vínsýrur auk Na- og K-salta þeirra	
- sorbínsýra og NH_4, Ca, Mg, K og Na-sölt hennar	

Heiti	Skilyrði
- náttúrulegar, neysluhæfar sterkjur og hveiti	
- neysluhæfar sterkjur og hveiti sem breytt hefur verið með efnameðferð	
- amýlósi	
- kalsíum- og magnesíumkarbónöt og klóríð	
- esterar glýseróls með ógreinóttum fitusýrum, mettuðum eða ómettuðum, með jafnri tölu kolefnisatóma frá 8 til 20 að báðum meðtöldum og/eða adipín-, sítrónu-, 12-hýdroxýsterín (oxýsterín), rísínolíusýrum	
- esterar pólýoxýetýlens (8-14 oxýetýlenhópar) með ógreinóttum fitusýrum, mettuðum eða ómettuðum, með jafnri tölu kolefnisatóma frá 8 til 20 að báðum meðtöldum	
- esterar sorbitóls með ógreinóttum fitusýrum, mettuðum eða ómettuðum, með jafnri tölu kolefnisatóma frá 8 til 20 að báðum meðtöldum	
- mónó- og/eða dí-esterar sterínsýru með etandíóli og/eða bis (2-hýdroxýetýl) eter og/eða tríetýlenglýkóli	
- oxíð, og hýdroxíð áls, kalsíums, magnesíums og kísils auk silíkata og vatnaðra silíkata áls, kalsíums, magníums og kalíums	
- pólýetýlenoxíð [=pólýetýlenglýkól]	Meðalsameindaþungi milli 1200 og 4000
- natríumprópíónat	
Annar flokkur	$\leq$ 1 mg/dm^2 alls og magn efna eða flokks efna má ekki fara yfir 0,2 mg/dm^2, (eða lægri mörk þegar þau eru tilgreind)
- natríumalkýl (C_8 til C_{18}) bensensúlfónat	
- natríumísóprópýlnatalínsúlfónat	
- natríumalkýl (C_8 til C_{18}) súlfat	
- natríumalkýl (C_8 til C_{18}) súlfónat	
- natríumdíoktýlsúlfósúkkínat	
- dísterat úr díhýdroxýetýldíetýlentrí-amínmónóasetat	$\leq$ 0,05 mg/dm^2 alls á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli
- ammóníum-, magnesíum- og kalíumlárýl-súlföt	
- N,N'-dísteróýldíamínóetan N,N'-dípalmitóýldíamínóetan og N,N'-díóleóýldíamínóetan	
- 2-heptadekýl-4,4-bis (metýlensterat) oxasólín	
- pólýetýlen-amínósteramíðetýlsúlfat	$\leq$ 0,1 mg/dm^2 alls á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli
- Óbreyttar fjölliður af melamíni og formaldehýði eða breytanlegar með einni eða fleiri eftirtalinna afurða: bútanóli, díetýlentríamíni, etanóli, tríetýlentetramíni, tetraetýlenpentamíni, trí-(2-hýdroxýetýl)amíni, 3,3'-díamínó-díprópýlamíni, 4,4'-díamínódíbútýlamíni	Óbundið formaldehýðinnihald á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli $\leq$ 0,05 mg/dm^2 Óbundið innihald melamíns á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli $\leq$ 0,3 mg/dm^2

Heiti	Skilyrði
- Fjölliður af melamíni, þvagefni og formaldehýði, umbreytt með tris-(2-hýdroxýetýl)amíni	Óbundið formaldehýðinnihald á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli ≤ 0,05 mg/dm^2
Þriðji flokkur - tengiefni	≤ 1 mg/dm^2 alls
- Krosstengdar pólýalkýlenamín katjónir: a) pólýamíð-epíklórhýdrín resín byggt á díamínópropýlmetýlamíni og epiklórhýdríni b) pólýamíð-epíklórhýdrín resín byggt á epíklórhýdríni, adipínsýru, kaprólaktami, díetýlentríamíni og/eða etýlendíamíni c) pólýamíð-epíklórhýdrín resín byggt á adipínsýru, díetýlentríamíni og epíklórhýdríni eða blöndu epíklórhýdríns og ammóníaks d) pólýamíð-pólýamínepíklórhýdrín resín byggt á epíklórhýdríni, dímetýladipati og díetýlentríamíni e) pólýamíð-pólýamínepíklórhýdrín resín byggt á epíklórhýdríni, adipamíði og díamínópropýlmetýlamíni	Óbundið innihald melamíns á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli ≤ 0,3 mg/dm^2
- Pólýetýlenamín og pólýetýlenimín	Óbundið formaldehýðinnihald á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli ≤ 0,75 mg/dm^2
- Óbreyttar fjölliður af þvagefnisformaldehýði, eða breytanlegar með einu eða fleiri eftirtalinna afurða: amínómetýlsúlfónsýru, súlfanílsýru, bútanóli, díamínóbútani, díamínódípropýlamíni, díamínópropani, díetýlentríamíni, etanóli, gúanidíni, metanóli, tetraetýlenpentamíni, tríetýlentetramíni, natríumsúlfíti	
Fjórði flokkur	≤ 0,01 mg/dm^2 alls
- Afurðir sem eru afrakstur efnahvarfa amína af neysluhæfum olíum og pólýetýlenoxíðs - mónóetanólamínlárýlsúlfat	

Listi B
Húðuð filma

Heiti	Skilyrði
A. Sellulósi	Sjá lista A
B. Aukefni	Sjá lista A
C. Húð við matvæli	≤ 50 mg/dm^2 á þeirri hlið sem er í snertingu
1. *Fjölliður*	≤ 50 mg/dm^2 alls á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli
- etýl, hýdroxýetýl, hýdroxýprópýl og sellulósa-metýleterar	
- sellulósanítrat	≤ 20 mg/dm^2 á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli; köfnunarefnisinnihald milli 10,8 og 12,2%
- fjölliður, blandfjölliður og blöndur þeirra með eftirtöldum einliðum: vinýlasetöl úr mettuðum aldehýðum (C_1 til C_6) vinýlasetat alkýl C_1 til C_4 vinýleterar akrýl-, krótón-, ítakón-, malín-, metakrýl-sýrur og esterar þeirra bútadíen stýren metýlstýren vinýlídenklóríð akrýlónítríl metakrýlónítríl etýlen, própýlen, 1- og 2-bútýlen	
vinýlklóríð	Í samræmi við tilskipun nr. 78/142/EBE um vinýlklóríð (Stjtíð.EB nr. L 44,15.2.1978, bls.15)
2. *Resín*	≤ 12,5 mg/dm^2 alls á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli. Á eingöngu að nota til að framleiða himnu úr sellulósa sem lögð er nítrósellulósa eða blandfjölliðunarhúð úr vinýlklóríði og vinýlasetati
- kasín	
- rósín og/eða afurðir fjölliðunar, vetnis-bindingar eða misjöfnunar rósíns og esterar þeirra úr metýl-, etýl- eða C_2 til C_6 fjölgildu alkóhóli, eða blöndu þessara alkóhóltegunda	
- rósín og/eða afurðir fjölliðunar, vetnis-binding eða misjöfnun sem þétt er með akrýl-, malín-, sítrónu-, fúmar- og/eða ftalsýru og/eða bisfenólformaldehýði og esterar með metýl-, etýl- eða C_2 til C_6 fjölgildu alkóhóli eða blöndu þessara alkóhóltegunda	

Heiti	Skilyrði
- esterar sem unnir eru úr bis (2-hýdroxýetýl) eter með viðbótarafurðum úr ß-pínen og/eða dípenten og/eða díterpen og malínanhýdríði - neysluhæft gelatín - laxerolía og afurðir hennar eða afvötnun eða vetnisbinding og þéttiafurðir hennar með pólýglýseról, adipín-, sítrónu-, malín-, ftal- og sebaksýrum - náttúrulegt gúmmí [=damar] - pólý-ß-pínen = [terpenresín] - þvagefnis- og formaldehýðs-resín (sjá tengiefni)	
3. *Mýkiefni*	≤ 12,5 mg/dm^2 alls á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli. Á eingöngu að nota til að framleiða himnu úr sellulósa sem lögð er nítrósellulósa eða blandfjölliðunarhúð úr vinýlklóríði og vinýlasetati
- asetýltríbútýlsítrat - asetýltrí (2-etýlhexýl) sítrat - dí-ísóbútýl- og dí-n-bútýladípat - dí-n-hexýlaselat	
- bútýlbensýlftalat	≤ 2,5 mg/dm^2 á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli
- dí-n-bútýlftalat	≤ 3 mg/dm^2 á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli
- dísýklóhexýlftalat	≤ 4 mg/dm^2 á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli
- 2-etýlhexýldífenýlfosfat - glýserólmónóasetat [=mónóasetín] - glýseróldíasetat [=díasetín] - glýseróltríasetat [=tríasetín] - dí-bútýlsebakat - dí(2-etýlhexýl)sebakat [=díoktýlsebakat] - dí-n-bútýl- og dí-ísó-bútýltartrat	
4. *Önnur aukefni*	≤ 6 mg/dm^2, að meðtalinni húð á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli
4.1. *Aukefni á lista A*	Sömu kröfur og fram koma í lista A, nema hvað gildin þar, í mg/dm^2, miðast við filmu án húðar
4.2 *Sérstök aukefni í húð*	Magn efna eða flokks efna má ekki fara yfir 2 mg/dm^2 (eða lægri mörk þegar þau eru tilgreind)
- 1-hexadekanól og 1-oktadekanól - esterar úr ógreinóttum fitusýrum, mettuðum eða ómettuðum, með jafnri tölu kolefnisatóma frá 8 til 10 að báðum meðtöldum og úr rísínolíusýru með ógreinóttu etýl-, bútýl-, amýl- og óleóýlalkóhóli	

Heiti	Skilyrði
- montanvax, sem samanstendur af hreinsuðum montansýrum (C_{26} til C_{32}) og/eða esterum þeirra með etandíól og/eða 1,3 bútandíól og/eða kalsíum- og kalíumsöltum þeirra	
- karnobavax	
- býflugnavax	
- espartóvax	
- kandelillavax	
- dímetýlpólýsíloxan	≤ 1 mg/dm^2 á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli
- epoxuð sojabaunaolía (oxíraninnihald 6-8%)	
- hreinsað paraffínvax og örkristallað vax	
- pentaerýtrítóltetrasterat	
- mónó og bis (oktadesýldíetýlenoxíð) fosföt	≤ 0,2 mg/dm^2 á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli
- alifatískar (C8 til C20) esteraðar með mónó- eða dí(2-hýdroxýetýl) amíni	
- 2- og 3-tert-bútýl-4-hýdroxýanísól [=bútýl hýdroxýanísól-BHA]	≤ 0,06 mg/dm^2 á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli
- 2,6-dí-tert-bútýl-4-metýlfenól [=bútýlhýdroxýtólúen-BHT]	≤ 0,06 mg/dm^2 á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli
- dí-n-oktýltin-bis(2-etýlhexýl) malat	≤ 0,06 mg/dm^2 á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli
D. Leysiefni	Heildarmagn allra efna má ekki fara yfir 0,6 mg/dm^2 á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli
- bútýlasetat	
- etýlasetat	
- ísóbútýlasetat	
- ísóprópýlasetat	
- própýlasetat	
- aseton	
- 1-bútanól	
- etýlalkóhól	
- ísóbútýlalkóhól	
- ísóprópýlalkóhól	
- 1-própanól	
- sýklóhexan	
- etýlenglýkólmónóbútýleter	
- etýlenglýkólmónóbútýleterasetat	
- etýlenglýkólmónóetýleter	
- etýlenglýkólmónóetýleterasetat	
- etýlenglýkólmónómetýleter	
- etýlenglýkólmónómetýleterasetat	
- metýletýlketón	
- metýlísóbútýlketón	
- tetrahýdrófúran	
- tólúen	≤ 0,06 mg/dm^2 á þeirri hlið sem er í snertingu við matvæli

(1) Hundraðshlutar massahlutfalls (w/w) miðast við magn afvatnaðrar filmu úr sellulósa.
(2) Almenn tækniheiti eru innan hornklofa.
(3) Efnin skulu vera af viðurkenndum gæðum og uppfylla kröfur um hreinleika.